

Velferðarráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Akranesi, 3. maí 2016

Beiðni um breytingu á dvalarrýmum í hjúkrunarrými

Undanfarin ár hefur stjórn og stjórnendur Höfða lagt áherslu á að fækka dvalarrýmum og fjölga hjúkrunarrýmum. Á árinu 2014 samþykkti velferðarráðuneytið að breyta 5 dvalarrýmum í 5 hjúkrunarrými auk þess að heimild fékkst til að breyta 4 dvalarrýmum í 2 hjúkrunarrými. Á árinu 2015 sótti Höfði um að fá að breyta 10 dvalarrýmum í 5 hjúkrunarrými en fékk einungis heimild til að breyta 2 dvalarrýmum í 1 hjúkrunarrými.

Í dag eru á Höfða 55 hjúkrunarrými, 1 hvíldarrými og 19 dvalarrými, frá ársbyrjun 2014 hefur rýmum á Höfða fækkað um þrjú við breytingu dvalarrýma í hjúkrunarrými.

Með útgáfu reglugerðar um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma á árinu 2012 voru gerðar breytingar á ákvæðum um vistun á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Breytingin leiddi til þess að við komu á heimilið eru einstaklingar vistaðir í dvalarrými sem ættu að vistast í hjúkrunarrými vegna hjúkrunarþyngdar sinnar. Afleiðing breytinganna er að þannig er það frekar regla en undantekning að einstaklingar eru komnir með mat í hjúkrunarrými skömmu eftir að þeir flytja inn á heimilið í dvalarrými.


Á árinu 2015 voru á Höfða 1.636 legudagar hjá íbúum sem komnir voru með flutningsmat yfir í hjúkrunarrými. Árlegur mismunur á daggjöldum hjúkrunarrýma og hinsvegar dvalarrýma vegna þeirra er kr. 20.801.740. Á árinu 2016 nema slíkir legudagar 990 og nemur mismunur vegna þeirra á daggjöldum hjúkrunarrýma og dvalarrýma samtals kr. 13.134.330 þann tíma sem liðinn er af árinu. Í dag eru 10 íbúar af 19 í dvalarrýmum með gilt flutningsmat í hjúkrunarrými.

Þó svo íbúar með flutningsmat séu enn í dvalarrýmum fá þeir fulla hjúkrunarþjónustu hjá heimilinu og er því ljóst að Höfði er og hefur verið að niðurgreiða hjúkrunarþjónustu fyrir ríkið um tæplega 34 millj. kr. frá ársbyrjun 2015.

Neikvæð rekstrarafkoma Höfða á árinu 2015 nam 116,2 millj. kr. eða 15,8% af tekjum. Fjárhagsáætlun Höfða gerði ráð fyrir 85,6 millj. kr. rekstartapi en það var 146,1 millj. kr. á árinu 2014. Veltufé frá rekstri Höfða nam 10,5 millj. kr. á árinu 2015, en afborgun langtímalána og greiðsla lífeyrisskuldbindinga námu um 42,5 millj. kr. og lækkaði handbært fé um 10 millj. kr. Á undanförunum árum hefur verið mikill halli á rekstri heimilisins, einkum vegna hækkunar lífeyrisskuldbindinga, sem leitt hefur til neikvæðrar eiginfjárstöðu heimilisins að fjárhæð 638,5 millj. kr. í árslok 2015. Fjárhagsáætlun heimilisins fyrir tímabilið 2016-2019 gerir ráð fyrir hallarekstri öll árin og nemur áætlaður samanlagður rekstrarhalli 302 millj. kr. á tímabilinu.

Á síðustu árum hefur verið gripið til verulegra aðhaldsaðgerðar í rekstri heimilisins sem hefur skilað árangri í almennum rekstrarkostnaði. Einnig eru umönnunarstundir heimilisins undir lágmarks viðmiði Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum.

Tap af rekstri Höfða myndast að verulegu leyti af rekstri dvalardeildar sem nú telur 19 dvalarrými en þeim hefur fækkað hægt á síðustu árum þrátt fyrir beiðni Höfða þar um. Tap af dvalardeild Höfða nám á árinu 2015 um 81,6



millj. kr. og á árinu 2014 um 81,9 millj. kr. Augljóst er að slíkur rekstur getur ekki gengið áfram. Höfði hefur ekki lengur fjárhagslega burði til að veita hjúkrunarþjónustu í dvalarrýmum og greiða þannig niður hjúkrunarþjónustu fyrir ríkið.

Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili er með sjálfstæðan fjárhag og nýtur ekki fjárframlaga með rekstri frá eigendum sínum. Því er nauðsynlegt að grípa strax til nauðsynlegra aðgerðar svo ekki komi til lokunar heimilisins.

Heimilið óskar eftir viðræðum við velferðarráðuneytið um gerð tímaáætlunar um að breyta öllum dvalarrýmum Höfða í hjúkrunarrými. Við óskum eftir því sem fyrstu brýnu aðgerð að nú þegar verði Höfða heimilt að breyta 10 dvalarrýmum í 5 hjúkrunarrými.

Jafnframt er farið fram á að velferðarráðuneytið og/eða Sjúkratryggingar Íslands eftir atvikum greiði þann mismun sem fallið hefur til vegna mismunar á daggjöldum dvalar- og hjúkrunarrýma þeirra íbúa sem hafa verið með flutningsmat frá 1.1.2015. Við dagsetningu þessa bréfs nemur sú fjárhæð kr. 33.936.070.

Með því að taka strax á rekstri dvalarrýma má skapa tímabundið svigrúm í rekstri Höfða meðan samningaviðræður standa yfir um gerð rammasamnings um rekstur hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands. Ef þær viðræður skila ekki viðunandi daggjöldum sem standa undir rekstri heimilisins miðað við skilgreint þjónustustig þarf að grípa til frekari aðgerða.

Einnig er mikilvægt að velferðarráðuneytið þrýsti á fjármála- og efnahagsráðuneytið að gengið verði strax í að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar Höfða eins og gert var gagnvart hjúkrunarheimilum sem rekin eru af sjálfseignarstofnunum.

Jafnframt er óskað eftir því að ráðuneytið heimili strax að fjölga hvíldarrýmum um eitt sbr. erindi okkar frá 7. desember 2015 en samkvæmt svarbréf ráðuneytisins frá 5. janúar 2016 var ekki tekin efnisleg afstaða til beiðni okkar.

Virðingarfyllt,

F.h. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri

Hallveig Skúladóttir
hjúkrunarforstjóri

Afrit sent: Steingrími Ara Arasyni forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit.